

Vinir í nýju landi

Kennsluleiðbeiningar



Efnisyfirlit

Til kennarans	3
Kennsluhugmynd 1	3
CLIM kennsluaðferðin	3
Kennsluhugmynd 2	8
Kennsluhugmynd 3	8
Kennsluhugmynd 4	8
Kennsluhugmynd 5	9
Kennsluhugmynd 6	9
Að lokum	10
Heimildaskrá	10



Vinir í nýju landi
Kennsluleiðbeiningar

© 2011 Nína V. Magnúsdóttir, Guðjón R. Jónasson og Ingibjörg Ferdinandsdóttir
vefútgáfa
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir
Yfirllestur: Þórdís Guðjónsdóttir
Umbrot: Námsgagnastofnun

Til kennarans

Bókin *Vinir í nýju landi* er hugsuð sem námsefni í lífsleikni, samfélagsgreinum og/eða íslensku fyrir efri bekki grunnskólans. Hún er byggð á viðtölum við unga innflytjendur frá ólíkum löndum og menningarsvæðum.

Tilgangurinn með útgáfu bókarinnar er að varpa ljósi á þá upplifun og áskoranir sem erlendir nemendur standa frammi fyrir í íslensku skólakerfi ásamt því að kynnast menningarbakgrunni og félagslegri stöðu þessara einstaklinga. Byggt er á þeim gildum í íslenskum grunnskólalögum sem kveða á um að almenn menntun skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir hvers konar mismunun með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Meginniðurstaða frásagnanna er að félagsleg einangrun sé sá þáttur sem reynist erlendum nemendum erfiðastur. Aukin færni í íslensku tryggi ekki aðgang að íslenskum vinahópi. Fjölmenningarleg menntun, þar sem stefnumörkun, viðhorf og kennsluhættir grundvallast á gagnkvæmri virðingu, jafnrétti, víðsýni, umburðarlyndi, sveigjanleika og lýðræði, er nauðsynlegur þáttur til þess að vinna gegn mismunun gagnvart þessum nemendahópi en nægir þó ekki. Allt skólasamfélagið þarf að viðurkenna og kynna sér menningar- og félagsauð innflytjenda og líta á fjölbreytileikann sem styrk í stað veikleika.

Höfundar bókarinnar eru grunnskólakennarar og hafa kennt við Austurbæjarskóla en hann er eini grunnskóli landsins sem skilgreinir sig sem fjölmenningarlegan skóla og byggir skólastefnu sína á fjölmenningarlegum gildum.

Hér verða gefin nokkur dæmi um hvernig hægt er að nýta bókina í kennslu. Dæmin byggjast á samvinnu nemenda og að allir séu virkir þátttakendur í námsferlinu en það eru þeir þættir sem fjölmenningarlegar kennsluaðferðir grundvallast á.

Dæmi um viðfangsefni sem hægt er að ræða og vinna með eftir lestur bókarinnar:

- Vinátta
- Fordómar
- Móðurmál
- Menning
- Sjálfsmynd
- Fjölmíðlar
- Flutningur

Kennsluhugmynd 1

CLIM kennsluaðferðin

Samvinnunámsaðferðin Cooperative Learning in Multicultural Groups eða CLIM var þróuð af Elizabeth Cohen prófessor við Stanford-háskóla og samstarfsmönnum hennar. Cohen komst að þeirri niðurstöðu með rannsóknum sínum að sérhver nemandi hefur ákveðna stöðu innan bekkjarsamfélags og sú staða hefur áhrif á aðgang nemandans að námsferlinu.

CLIM miðar að því að ná hámarksvirkni hjá nemendahópnum og að allir nemendur hafi jafnan aðgang að lærdómsferlinu. Nemendur vinna í litlum hópum (4–5 í hópi) og kennarinn sér til þess að hver hópur endurspegli fjölbreytileika bekkjarins. Nemendum er gert ljóst að með samvinnu áorka þeir meiru og árangurinn verður betri en þegar þeir vinna hver í sínu horni. Nemendur eru því þjálfaðir í samskipta-hæfni þar sem aðaláhersla er lögð á að hver og einn hefur eitthvað til brunns að bera sem nýtist öllum hópnum. Staða nemandans í bekknum og fjölgreindakenning Gardners eru lykilhugtök þegar unnið er eftir þessari aðferð.

Kennsluaðferðin hefur áhrif á stöðu kennarans ekki síður en nemandans. Nemendur hafa misjöfn hlutverk og þeir skipta kerfisbundið um hlutverk og ábyrgð innan hópsins. Hlutverk kennarans breytist frá því að vera sá sem stjórnar í það að vera leiðbeinandi og fylgjast með vinnuferlinu. Hann hefur einnig það hlutverk að örva virkni þeirra nemenda sem hafa lága stöðu í bekkjarsamfélaginu. Aðaláherslur CLIM eru:

- **Fjölbreyttur hópur.** Aðferðin miðar að markvissu samvinnunámi í fjölbreyttum hópi nemenda.
- **Staða nemanda.** Margar ástæður geta legið að baki lágri stöðu nemanda í bekk, s.s. slakur námsárangur, lítil færni í íþróttum, líkamlegt ásigkomulag, félagslegur bakgrunnur, þjóðerni eða tungumál. Staða nemanda ræður oft hversu góðan aðgang hann hefur að lærdómsferlinu og hefur þar af leiðandi áhrif á árangur í námi og líðan í bekk.
- **Margvíslegir hæfileikar og greindarsvið.** Það að vinna saman í litlum hópi krefst misjafnra hæfileika. Þannig verður framlag hvers og eins mikilvægt.
- **Virkni í námi.** Námið fer fram í gegnum virkni. Lærdómsferlið er skipulagt þannig að nemendur læra með því að vinna saman og framlag hvers og eins er virt.
- **Kennarinn sem leiðbeinandi og þjálfari.** Hlutverk kennarans er að sjá til þess að allir séu virkir. Hann fylgist með vinnuferlinu og veitir endurgjöf. Aðaláhersla er á jafnan aðgang nemenda að lærdómsferlinu sem kennarinn sér um með því að fylgjast með og hafa áhrif á stöðu hvers og eins.
- **Mismunandi hlutverk og ábyrgð.** Hver og einn hefur sitt hlutverk en hlutverkin færast til. Nemendur bera ábyrgð á því hlutverki sem þeim er úthlutað. Kennarinn sér um að skipuleggja verkefni sem fela í sér:
 1. Þjálfun í mismunandi færniþáttum, s.s. lestri, ritun, samvinnu, þrautalausnum.
 2. Þekkingaröflun. Færni í því að afla sér nýrrar þekkingar og nýta sér þá þekkingu sem er til staðar við nýjar aðstæður.
 3. Mótun viðhorfa. Þjálfun í því að sýna öðrum virðingu og bera ábyrgð.

Árangursríkustu kennsluaðferðirnar eru þær sem byggjast á virkni nemenda. Því virkari sem nemendur eru, þeim mun meira læra þeir. Kennari sem kennir eftir CLIM aðferðinni skipuleggur verkefni, bregst við spurningum með því að koma með aðrar sem leiða til frekari umhugsunar, fylgist með vinnuferlinu og veitir endurgjöf.

Þegar rætt er um hópvinna er oft deilt á að sumir nemendanna vinni alla vinnuna en aðrir séu óvirkir. Í CLIM hafa nemendur ákveðin hlutverk, þannig að allir eru virkir og bera sameiginlega ábyrgð á verkinu. Kennarinn sér til þess að allir skilji hvað á að gera. Hlutverk þurfa að færast til milli nemenda og verkefni þurfa að þjálfra mismunandi hæfileika og greindarsvið. Þetta byggist á því að eftirtöldum þáttum sé fullnægt:

- **Skipulag kennarans.** Nemendum þarf að vera ljóst til hvers er ætlast af þeim.
- **Góður bekkjarandi.** Það þarf að sjá til þess að nemendur treysti hver öðrum og finni til öryggis í kennslustofunni.
- **Væntingar nemenda til sjálfs sín.** Það þarf að þjálfar nemendur í því að finna styrkleika sína og öðlast raunhæft mat á sjálfum sér.
- **Væntingar nemenda til kennara og bekkjarfélaga** þurfa að vera raunhæfar og jákvæðar (Batelaan, 1998; Cohen 1994).

Þegar unnið er eftir CLIM fá nemendur ákveðin verkefni sem fela í sér möguleika á því að fjalla um sama viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhornum. Hver hópur fær sérstakt verkefni. Upplýsingar um viðfangsefnin fá nemendur á sérstökum upplýsingaspjöldum. Þeir eru hvattir til þess að afla sér þekkingar um viðfangsefnið og deila henni með samnemendum sínum. Þegar hópurinn hefur komist að samkomulagi um hvernig hann vill skila sínu verkefni fær hann ákveðinn tíma til þess að ljúka þeirri vinnu. Síðan er verkefnið kynnt fyrir bekknum. Verkefnið er endurtekið jafn oft og fjöldi hópa segir til um. Nemendur fá þannig stöðugt nýtt verkefni, nýtt hlutverk og þurfa að nýta mismunandi hæfileika sína og greindarsvið. Hver umferð tekur u.þ.b. tvær klst. og ráðlegt er að taka eina til tvær umferðir á viku. Kennarinn fylgist með vinnunni og sér til þess að hver og einn vinni samkvæmt því hlutverki sem honum var úthlutað. Hann ráðleggur, örvar og hrósar nemendum þegar færi gefst.

Nemendur fá ákveðið hlutverk sem færast til með hverri nýrri umferð verkefnisins þannig að hver nemandi hefur fengið öll hlutverkin þegar hann hefur unnið öll verkefni viðfangsefnisins. Dæmigerð hlutverk CLIM eru:

- **Stjórnandi eða skipuleggjandi.** Hann gengur úr skugga um að allir í hópnum skilji fyrirmælin. Sér um að allir séu virkir. Nær í kennarann ef enginn í hópnum veit svarið. Sér um að allir í hópnum fái þá hjálp sem þeir þurfa.
- **Tímavörður.** Vinnur með stjórnandanum. Skipuleggur þann tíma sem hópurinn hefur til að vinna hvert verkefni.
- **Gagnasafnari.** Sá eini í hópnum sem má fara frá borðinu. Nær í allt efni sem hópurinn þarf til að ljúka við verkefnið.
- **Sáttasemjari.** Sér um að öllum í hópnum komi vel saman. Sér um að enginn sé út undan. Hrósar og hvetur þegar vel er gert.
- **Kynnir.** Ákveður ásamt öðrum í hópnum hvernig kynningin eigi að vera. Gerir stuttan útdrátt úr vinnu hópsins til þess að kynna fyrir bekknum.

Kennarinn getur ákveðið hvaða hlutverk eru notuð og sameinað hlutverk ef meðlimir hópsins eru færri en fimm. Ráðlegt er að hafa hlutverkin færri ef nemendur er mjög ungir. Einnig er ráðlegt að kynna hlutverkin smám saman fyrir nemendum en ekki öll í einu (Batelaan, 1998).

Mikilvægt er að þjálfar nemendur í vissum færniþáttum eða vinnureglum og viðhorfum áður en hafist er handa við verkefnavinnuna. Þau viðmið sem notuð eru í CLIM eru:

- Allir eru góðir í einhverju – enginn er góður í öllu.
- Ekkert eitt okkar er eins snjallt og við öll saman.
- Þú mátt leita aðstoðar hjá öllum í hópnum.
- Þú verður að hjálpa öllum sem biðja um hjálp.

- Fylgist með þörfum allra í hópnum.
- Hjálpið öðrum í hópnum án þess að vinna verkin fyrir þá.
- Allir hjálpast að.
- Ræðið saman og takið ákvörðun.
- Rökstyðjið ákvarðanir ykkar.
- Enginn er búinn fyrr en allir eru búnir.

Þegar þessi viðmið eru kynnt þarf að taka góðan tíma í að festa þau í sessi. Gott er að kynna eitt viðmið í einu. Þegar þessar vinnureglur hafa verið æfðar er tímabært að hefja hópvinna (Batelaan, 1998; Paelman, 2002).

Uppbygging CLIM verkefnis

1. Kynning.
2. Fimm mismunandi verkefni sem hóparnir taka til skiptis.
Í hverri kennslustund: Fimm mismunandi viðfangsefni.
Í hverju viðfangsefni:
 - Verkefnaspjald A (upplýsingar).
 - Verkefnaspjald B (hópvinna).
3. Samantekt.

Uppbygging CLIM kennslustundar

1. Undirbúningur (5 mínútur).
2. Hópvinna (45 mínútur).
 - A verkefni (20 mínútur).
 - B verkefni (25 mínútur).
3. Kynning (5 x 5 mínútur) (Paelman, 2002).

CLIM verkefni eru góð leið til að ná markmiðum fjölmenningslegrar kennslu. Þar er tekið mið af fjölbreytileikanum í hverjum bekk og sérhver nemandi er hvattur til að nýta námsmöguleika sína til fulls. Aðferðin er ekki markmið í sjálfu sér heldur góð aðferð til þess að ná ákveðnum markmiðum.

Kennari getur ákveðið að hafa eina umferð þar sem hver hópur vinnur með eitt verkefni eða hafa fimm umferðir þannig að hver hópur taki öll verkefni. Séu farnar fleiri en ein umferð þannig að hóparnir taki öll verkefni er mikilvægt að gefa fyrirmæli um að ekki megi koma með sömu útfærslu og hópurinn á undan heldur verði að koma með nýtt sjónarhorn eða viðbót við það sem áður var komið fram þegar niðurstaða er kynnt.

Dæmi um viðfangsefni sem kennari útdeilir á spjöldum til hópanna gætu verið:

Hópur eitt – Fordómar leynast víða

- Hvaða upplifun hefur Unnsteinn af fordómum í garð innflytjenda. Hvað finnst ykkur um upplifun hans? Haldið þið að veruleikinn hér sé þannig eða ekki? Rökstyðjið svarið.
- Unnsteinn á íslenskan föður og skyldmenni. Hann telur að það hafi hjálpað sér mikið eftir komuna til Íslands að eiga íslenska fjölskyldu. Haldið þið að það skipti miklu máli að eiga fjölskyldu í því landi sem flutt er til? Rökstyðjið svarið.

Hópur tvö – Allir vilja eignast íslenska vini

- Hvað finnst ykkur athyglisverðast í frásögn Jalínar?
- Hvers vegna er mikilvægt fyrir erlenda nemendur að eignast íslenska vini? Hvernig er hægt að hjálpa þeim til þess?

Hópur þrjú – Mér eru allir vegir færir

- Katarína telur íslenska krakka ekki áhugasama um að kynnst Pólverjum og segir að stundum láti þeir eins og pólsku krakkarnir séu ekki á staðnum. Hafið þið orðið vör við svona framkomu íslenskra krakka í garð erlendra nemenda? Hvað er hægt að gera til þess að engum finnist hann vera út undan?
- Hvernig leið Katarínu fyrst eftir komuna til Íslands? Reynið að gera ykkur í hugarlund hvernig það er að hefja nám í skóla þar sem þið skiljið ekki tungumálið.

Hópur fjögur – Líf á tveimur eyjum

- Yashimi segir að hún skilji oft ekki flókin orð á móðurmáli sínu og að hún eigi einnig erfitt með að skilja orðin á íslensku. Hversu mikilvægt er að ykkar mati að vera sterkur í móðurmáli sínu? Rökstyðjið svarið.
- Yashimi lifir í tveimur menningarheimum. Heima er menning mömmu og pabba og í skólunum er vestræn menning. Hvað teljið þið vera erfitt við að búa í tveimur menningarheimum?

Hópur fimm – Kosovo er landið mitt

- Bóaz telur mikilvægast að búa þar sem fjölskyldan er, ekki aðeins mamma og pabbi heldur stórfjölskyldan, amma, afi, frændur og frænkur. Hvað finnst ykkur um mikilvægi þess að búa í sama landi og stórfjölskyldan? Rökstyðjið svarið.
- Bóaz kemur til landsins sem flóttamaður. Reynið að gera ykkur í hugarlund, með því að lýsa líðan og aðstæðum, hvernig það er að þurfa að flýja land vegna stríðsátaka.
- Kennarinn getur einnig haft sama viðfangsefni fyrir alla hópana. Hver hópur les þá þann kafla sem honum er úthlutað, ræðir saman um viðfangsefnið og kemur sér saman um niðurstöður sem kynntar eru fyrir bekknum. Þegar allir hópar hafa kynnt niðurstöður sínar er gerð samantekt undir stjórn kennarans.

Kennsluhugmynd 2

Hugstormun

Bekkurinn les bókina/kaflann saman.

Kennarinn varpar síðan spurningu til bekkjarins og skráir allar hugmyndir sem koma fram.

Spurningin gæti t.d. verið:

- Hvað felst í því að vera vinur?
- Hvernig er góður vinur?
- Hvað eru fordómar?
- Hvað er menning?
- Hvað er íslensk menning?

Niðurstöðurnar eru síðan flokkaðar og ræddar með bekknum.

Kennsluhugmynd 3

Einn – tveir – allir (*think – pair – share*)

Dæmi: Unnið með vinarhugtakið.

1. Hver og einn hugsar um það hvernig góður vinur sé og veltir fyrir sér hvaða eiginleikar séu æskilegir hjá góðum vini. (u.þ.b. 1 mín.)
2. Því næst tala nemendur saman í pörum, t.d. þeir sem sitja saman (u.þ.b. 2–3 mín.), og annar aðilinn tekur að sér að punkta niður til minnis.
3. Hvert par segir öllum bekknum frá niðurstöðum sínum.
4. Samantekt kennara á því helsta sem kom fram hjá hópnum.

Kennsluhugmynd 4

Leikræn tjáning

Efni bókarinnar hentar vel til leikrænnar tjáningar. Einn eða nokkrir nemendur saman leika valin efni úr bókinni. Dæmi:

1. Hvernig er að koma til nýs lands og skilja ekki tungumálið sem talað er?
2. Framkoma sem er til fyrirmyndar, þar sem innflytjandi er boðinn velkominn í hópinn.
3. Íslendingur og Taílandingur tala saman á íslensku. Um hvað tala þeir? Lýstu samtalinu.

Kennsluhugmynd 5

Ritun

Efir lestur bókarinnar og samræður um efni kaflanna er hægt að velja eitt eða fleiri viðfangsefni úr því sem fram kemur hjá viðmælendum til ritunar. Ágætt er að gefa viðmið um lengd og uppbyggingu. Dæmi um hugsanleg efni til ritunar:

1. Hverjar eru helstu áskoranir sem mæta erlendum nemendum þegar þeir byrja í íslenskum skóla að þínu mati?
2. Hvernig er að búa fjarri vinum sínum og fjölskyldu að þínu mati?
3. Hvernig tilfinning heldur þú að það sé að vera í kennslustund og skilja ekki tungumálið sem kennt er á?
4. Hvaða fordómum telur þú að erlendir nemendur geti mætt á Íslandi?
5. Hvað telur þú að hægt væri að gera til þess að auðvelda erlendum nemendum að hefja nám í íslenskum skóla?
6. Hvers virði er það að þínu mati að vera hluti hópsins og eiga góða vini?
7. Þú ert nýflutt(ur) til framandi lands þar sem þú þarft að byrja í nýjum skóla, eignast nýja vini og kannt ekki tungumálið. Lýstu líðan þinni.

Kennsluhugmynd 6

Menningarmunur

Í hverjum kafla er skírskotun til heimamenningar viðmælenda. Hægt er að ræða fjölmörg efni sem varða menningarmun eða legu þeirra landa sem viðmælendur koma frá. Dæmi um þetta gætu verið:

1. Mismunandi matarmenning. Hefur matarmenning Íslendinga breyst vegna vaxandi fjölda innflytjenda? Hvernig og er það kostur eða ókostur að ykkar mati?
2. Jafnrétti kynjanna. Hvernig er jafnrétti kynjanna á Íslandi miðað við önnur lönd að ykkar mati? Reynið að gera ykkur í hugarlund hvernig það er fyrir karlmann að koma frá landi þar sem kvenréttindi eru styttra á veg komin og setjast að á Íslandi. Lýsið.
3. Hvað er menning að ykkar mati? Reynið að gera lista yfir það sem þið teljið vera íslenskt.

Að lokum

Þær kennsluhugmyndir sem hér hafa verið nefndar eru ekki tæmandi heldur fáein dæmi um hvernig hægt er að vinna út frá efni bókarinnar. Aðalatriði er að nemendur og kennari fjalli í sameiningu um efni hennar.

Að endingu má benda á heimildarmyndina *Vegurinn heim* sem er til niðurhlaðs af vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is. Myndin fjallar um fjölmenningu á Íslandi og má finna ýmsa snertifleti með efni hennar og því sem fram kemur í bókinni.

Heimildir

Batelaan, P. (1998). *Towards an Equitable Classroom. Cooperative Learning in Intercultural Education in Europe*. Hilversum: International Association for Intercultural Education (IAIE).

Cohen, E.G. (1994). Groupwork as a Strategy for Classrooms, Why Groupwork? The Dilemma of Groupwork and Groupwork in the Bilingual Classroom. Í *Designing Groupwork. Strategies for the Heterogeneous Classroom*. New York og London: Teachers College Press.

Paelman, F. (2002). *CLIM – Manual*. Centre for Intercultural Education, Gent: Steunpunt ICO.